

MINNISBLAÐ

DAGS.

30.04.2024

MÁLEFNI

Gilsárvirkjun: Svör við umsögnum um matsáætlun

SENDANDI

Orkusalan
EFLA verkfræðistofa

DREIFING

Skipulagsstofnun

Inngangur

Orkusalan sendi Skipulagsstofnun matsáætlun vegna Gilsárvirkjunar í Eiðþinghá í Múlþingi í febrúar 2024. Skipulagsstofnun sendi greinargerðina áfram til umsagnaraðila og var frestur til að skila umsögnum til 27. mars 2024.


Eftirfarandi aðilar sendu inn umsagnir:

- Múlþing þann 8. mars 2024
- Hafrannsóknarstofnun 11. mars 2024
- Fiskistofa þann 18. mars 2024
- Vegagerðin þann 20. mars 2024
- Umhverfisstofnun þann 21. mars 2024
- Landvernd þann 26. mars 2024
- Náttúrufræðistofnun Íslands þann 27. mars 2024
- Minjastofnun Íslands þann 27. mars 2024
- Veðurstofa Íslands þann 3. apríl 2024
- Land og skógur þann 4. apríl 2024
- Heilbrigðiseftirlit Austurlands þann 9. apríl 2024
- Orkustofnun þann 24. apríl 2024

Framkvæmdaraðili telur ekki þörf á að bregðast við umsögnum Veðurstofu Íslands og Heilbrigðiseftirlits Austurlands. Hér á eftir eru viðbrögð framkvæmdaraðila við þeim umsögnum sem kölluðu á viðbrögð.

Svör framkvæmdaraðila við innsendum umsögnum

UMSÖGN MINJASTOFNUNAR ÍSLANDS	SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA
<p>„Við yfirferð málsins í tengslum við ákvörðun um matsskyldu framkvæmdarinnar kom í ljós að úttektarsvæði þeirrar skráningar var lítið og að sú skráning náði ekki yfir allt framkvæmdarsvæðið.“</p>	<p>Framkvæmdaraðili getur ekki tekið undir að skráð úttektarsvæði hafi verið „lítið“, það náði yfir allt framkvæmdarsvæðið, sjá mynd hér fyrir neðan af athugunarsvæðinu úr skýrslu fornleifafræðingsins. Það var hins vegar ekki búið að ákveða endanlega staðsetningu stöðvarhúss og efnistökusvæða á þeim tíma. Endanleg staðsetning stöðvarhúss og efnistökusvæða liggur nú fyrir og er hún innan þess svæðis sem var athugað. Til að gæta ítrustu varúðar verða þau svæði skoðuð sérstaklega sumarið 2024, þó að þau séu innan svæðis sem nú þegar er búið að kanna.</p>



MYND 1 Yfirlitsmynd af athugunarsvæðinu sem fornleifafræðingur skoðaði sumarið 2022. Athugunarsvæðið nær yfir allt framkvæmdarsvæðið, þ.m.t. stöðvarhús og öll efnistökusvæði. Mynd úr skýrslu Sagnabrunns: *Fornleifaskráning vegna virkjanaf framkvæmda hjá Gilsá, Eiðþinghá, Múlaþingi. 2022.*

UMSÖGN NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUNAR ÍSLANDS	SVÖR FRAMKVÆMDARÁÐILA
„framkvæmdin kemur til með að hafa áhrif á bæði fossa og votlendi, 20.000 m ³ að flatarmáli eða stærri, sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr laga um náttúruvernd (lög 60/2013)“	Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um fossa og votlendi.
„Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands er votlendi á framkvæmdasvæðinu en þess ber að geta að skekkja getur verið í vistgerðakortinu þegar það er notað á svo nákvæmum mælikvarða og því er líklegt að mat á votlendi sem raskast við framkvæmdina sé ekki alveg nákvæmt.“	Framkvæmdaraðili tekur undir þessa athugasemd NÍ og bendir á að í tilviki Gilsárvirkjunar er votlendi líklega minna en kortið gefur til kynna. Í umhverfismatsskýrslu verður umfjöllun um votlendi og pípuleið merkt inn á myndir til að sýna hvernig farið er fram hjá votlendinu.
Því er nauðsynlegt að gróður verði kortlagður og metið hvaða áhrif framkvæmdirnar muni hafa á votlendi og aðrar vistgerðir með hátt verndargildi.	Notast verður við vistgerðarkort NÍ og loftmyndir til að kortleggja vistgerðir og útbreiðslu þeirra á framkvæmdasvæðinu. Sbr. kafla 4.4.2.1 í matsáætlun verða sérstaklega skoðuð áhrif á vistgerðir með hátt verndargildi, t.d. votlendi og bakkagróður.
„Þá þarf að kanna hvort sjaldgæfar plöntutegundir finnast á svæðinu.“	Stærstur hluti framkvæmdasvæðisins þar sem mesta raskið verður er hátt yfir sjávarmáli og landslag hrjóstugt og gróðurfar dæmigert fyrir slíkar aðstæður á Íslandi. Stuðst verður við núverandi veg upp dalinn að mestu og gróður mun vaxa á ný yfir niðurgrafinni pípunni. Fyrirfram er því ekki búist við miklum áhrifum á gróðurfar til langs tíma. Í gróðurúttekt fyrir Þverárvirkjun í Vopnafirði á Austurlandi fundust engar friðlýstar tegundir eða tegundir á valista*, en þar er landslag svipað nema hvað Þverárvirkjun er rúmlega 100 m lægra yfir sjávarmáli en Gilsárvirkjun. Því verður ekki gerð sérstök rannsókn þar sem leitað verður að sjaldgæfum plöntegundum. Það er ekkert sem bendir til að sjaldgæfar plöntutegundir vaxi á framkvæmdasvæðinu né að slík könnun myndi skila markverðum gögnum sem hefðu áhrif á framkvæmdina. *Náttúrustofa Austurlands, 2018. „Gróður, fuglar og vatnalíf í Þverárdal í Vopnafirði - Rannsóknir vegna fyrirhugaðrar allt að 6 MW virkjunar“
„Almennt þarf að gera betur grein fyrir breytingum sem verða á landslagi með tilkomu virkjunarinnar, sérstaklega á pípuleiðinni vegna lagfæringa og breytinga á slóða upp dalinn og vegna hliðarinntaka í Ytri- og Innri Lambadalsá.“	Þetta er einungis matsáætlun, í umhverfismatsskýrslu verður betur gert grein fyrir áhrifum á landslag og ásýnd sbr. kafla 4.4.6 í matsáætlun.
„Þá þarf að fjalla betur um vöktun á áhrifum sem framkvæmdin hefur á lífríki Gilsár.“	Vöktun liggur ekki fyrir á þessari stundu en hún er að miklu leyti háð skilyrðum leyfisveitenda, sem eru t.d. Múlaþing, Fiskistofa og Orkustofnun.
„Talið er að heildarefnisþörf við virkjunarframkvæmdirnar, umfram það efni sem fæst úrskurðum og skeringum, verði um 60.000 m ³ . Það efni á að koma úr námum í dalnum en gera þarf betur grein fyrir umfangi efnistökkunar á hverjum stað.“	Í umhverfismatsskýrslu mun koma fram hvað er áætlað að taka mikið efni úr hverri námu.

UMSÖGN NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUNAR ÍSLANDS	SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA
„Þar sem líklegt er að jökulruðningur og aðrar setmyndanir verði fyrir raski er rétt að fram komi hvar þær námur eru og hversu mikið rask á jarðminjum verður utan framkvæmdasvæðisins“	Staðsetningu náma má sjá á yfirlitskorti sem fylgdi með í viðauka matsáætlunar. Í umhverfismatsskýrslu verður frekari umfjöllun um námurnar.

UMSÖGN HAFRANNSÓKNARSTOFNUNAR	SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA
„Svo er að sjá að efnistökusvæði séu áætluð í eða mjög nærri farvegi árinna (mynd 2.1. í matsáætlun). Gera þarf betur grein fyrir fyrirhugaðri staðsetningu efnistöku, framkvæmd hennar og áhrifum. Einnig hvort hún hafi áhrif á lífríki í vatni. Efnistaka í eða nærri árfarvegum getur haft áhrif á lífríki í vatni og ætti að forðast slíkt eins og kostur er.“	Kortið á mynd 2.1 má sjá í betri gæðum í viðauka matsáætlunar. Einungis ein náma er í eða við farveg Gilsár og er hún í lónstæðinu sem fer undir vatn að framkvæmdum loknum.
„Ekki er ljóst hvernig rekstur virkjunarinnar verði háttað að öðru leyti en því að væntanlega verði talsverður munur í rennsli neðan virkjunar vegna dægursveiflna. Allar líkur eru til að þau áhrif nái allt til ósa. Þegar áhrif eru metin er mikilvægt að rekstraráætlanir liggi fyrir a.m.k. hvað varðar rennislisstyringar þar sem áhrif á lífríki eru jafnan meiri ef rennsli er óstöðugt og rennislisbreytingar hraðar.“	Í umhverfismatsskýrslu verður umfjöllun um rennsli og rekstrarform virkjunar.
„Hrygning og uppeldi seiða fiskstofnanna er í ánum og geta rennislisbreytingar haft áhrif á þá sem og fiskgænd neðar á vatnasvæðinu. Mikilvægt er því að horft sé til alls vatnasvæðisins við mat á umhverfisáhrifum“	Í umhverfismatsskýrslu verður umfjöllun um áhrif á rennsli á fiskgenga svæði Gilsár/Sefljóts neðan Nykurfossa.
„Áður en farið er í framkvæmdir þarf að gera grein fyrir áhrifum framkvæmda eða starfsemi á vatnshlot til að mögulegt sé að meta hvort þau geti leitt til þess að vatnshlot nái ekki markmiðum laganna um gott vistfræðilegt ástand.“	Slíkt mat mun fara fram og mun Náttúrustofa Austurlands sjá um það sbr. kafla 4.4.5.2. í matsáætlun

UMSÖGN UMHVERFISSTOFNUNAR	SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA
Umhverfisstofnun er með almenna og staðlaða umfjöllun um votlendi, bakkagróður og fossa í umsögn sinni og vitnar í lög og reglugerðir um verndun þessa fyrirbæra.	Í umhverfismatsskýrslu verður umfjöllun um umrædd fyrirbæri: <ul style="list-style-type: none"> - Votlendi: Hve mikið votlendi raskast við framkvæmdirnar? - Bakkagróður: Er vatnssækinn gróður á árbökkum Gilsár sem er háður vatni úr ánni sem verður fyrir áhrifum vegna rennislisskerðinga? - Fossar: Hvenær og hve mikið skerðist rennsli fossa?
„Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að jarðvegskönnun fari fram.“	Jarðvegskönnun hefur þegar farið fram sbr. kafla 4.4.4.2.
„Varðandi frágang ætti ekki að leggja áherslu á að slétta röskuð svæði heldur móta þau þannig að yfirborð og lögun sé í sem mestu samræmi við óraskað land. Hafa þarf í huga að ef land er “of” slétt getur það gert gróðri erfitt að festa rætur á viðkomandi svæði.“	Framkvæmdaraðili þakkar þessar ábendingu og mun hafa þetta hugfast við frágang.

UMSÖGN UMHVERFISSTOFNUNAR	SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA
„Einnig bendir stofnunin á að huga þurfi að því að ekki er gott malarefni á lausu í nágrenninu“	Óljóst er hvaðan Umhverfisstofnun hefur þessar upplýsingar og hvað er á bak við þessa fullyrðingu, en sýnatökur úr jarðvegskönnunum framkvæmdaraðila árin 2019 og 2023 gefa til kynna fullnægjandi efnisgæði og efnismagn.
„Umhverfisstofnun leggur það til að unnin sé mynd sem sýnir lónið með fulla vatnshæð og í lægstu stöðu.“	Framkvæmdaraðili verður við þessu og mun gera myndir sem sýna lónið í hæstu og lægstu stöðu.
„Auk þess er mikilvægt að sýna stöðvarhúsið á yfirborði og niðurgrafið ef hægt er.“	Stöðvarhúsið verður ekki niðurgrafið, það verður sýnt á yfirborði á líkanmyndum.
UST gerir engar efnislegar athugasemdir við vatnalífrannsóknir eða framkvæmdina sem slíka heldur birtir staðlaðan texta um vatnshlot og hvaða atriði þarf að fjalla um í umhverfismatsskýrslu.	Í umhverfismatsskýrslu verður umfjöllun um þau atriði sem UST nefnir eftir því sem við á sbr. kafla 4.4.5.2 í matsáætlun. Náttúrustofa Austurlands mun sjá um rannsóknir og að ástandsmeta vatnshlotið.

UMSÖGN VEGAGERÐAR	SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA
Vegagerðin bendir á að skoða þarf burðarþol vega og brúar við Gilsárteig með hliðsjón af þyngd ökutækja við framkvæmdirnar.	Framkvæmdaraðili mun hafa samráð við Vegagerðina varðandi þyngdir ökutækja og flutning á búnaði yfir brúna við Gilsárteig.

UMSÖGN MÚLAÞINGS	SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA
Múlaþing endurtekur umsögn sína úr matsskyldufyrspurn Gilsárvirkjunar.	Í umhverfismatsskýrslu verður umfjöllun um öll þau atriði sem Múlaþing nefnir sbr. kafla 4.4.6, 4.4.2, 4.4.3 og 4.4.5 í matsáætlun.
„Heimastjórn leggur áherslu á að unnið verði hættumat vegna mögulegra flóða í Gilsánni m.a. þar sem í áætluninni er fjallað um stærð yfirfalls miðað við vorflóð og hamfaraflóð, sbr. kafli 2.3.“	Í umhverfismatsskýrslu verður umfjöllun um flóð. Framkvæmdaraðili bendir þó strax á að lónið er það lítið og miðlunargeta lítil, að virkjunin hefur engin áhrif á flóð, hvorki til stækkunar né minnkunar. Vorflóð og hamfaraflóð fara niður farveginn án þess að virkjunin hafi nokkuð um það að segja. Þess má geta að þegar umhverfismati er lokið, og lokahönnun byggð á niðurstöðum þess hefur farið fram, er sótt um virkjunarleyfi Orkustofnunar, en þar þarf að gera grein fyrir m.a. flóðaútreikningum og endurkomutíma flóða. Stofnunin yfirfer svo þá útreikninga. Hamfaraflóð koma því inn í það ferli á mun ítarlegri hátt en í umhverfismati.

**UMSÖGN
LANDVERNDAR**


SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

„Landvernd vill áréttta í upphafi að umfang áformaðra framkvæmda er mun meira en svo að hægt sé að kalla verkefnið smávirkjun“

Hvergi í matsáætlun kemur fram orðið „smávirkjun“. Eingöngu er talað um virkjun eða vatnsaflsvirkjun. Þetta orðalag er alfarið frá Landvernd komið.

Farvegurinn verður ekki „tómur“ nema mögulega á stuttum kafla allra næst stíflu. Ótal lindir og lækir sjá til þess að vatn safnast í farveginn milli stíflu og stöðvarhúss. Sambærilegar áhyggjur voru af Hólsvirkjun í Fnjóskadal sem ráðgjafi hannaði en reynslan hefur sýnt að alltaf er vatn í farveginum, jafnvel í frosthörkum.

„gríðarmikið inngrip að ræða þegar sýnt er að farvegur árinna verður tómur á um 6.1 km kafla allt frá október og fram út apríl.“



Séð yfir Hólsárstíflu 13. nóv. 2020 þegar virkjunin tók allt rennsli Hólsár, ekkert rennsli er um yfirfall stíflu. Hér sést vel hve fljótt uppsprettur og lindarlækir flæða í farveginn og tryggja í honum rennsli. Auðvitað eru ekki nákvæmlega sömu aðstæður við Gilsá, en þær eru þó ekki svo frábrugðnar, á loftmyndum má t.d. sjá ótal læki og lindarsvæði meðfram farveginum.

Sambærilegir vegir voru gerðir við gerð Hólsvirkjunar í Fnjóskadal og Þverárvirkjunar í Vopnafirði og hafa reynst vel. Ekki stendur til að leggja vegi yfir votlend svæði.

„Meta þarf m.a. hver áhrif fljótandi vegalagningar með aðeins 50 cm burðarlagi hafa á votlend svæði á þessari leið og draga má í efa að vegur með svo þunnu burðarlagi geti staðið undir svo gríðarmiklum efnisflutningum inn á svæðið sem óhjákvæmilega leiðir af svo stórrí framkvæmd.“



Aðkomuvegur Hólsvirkjunar sem lagður var með sömu aðferð og til stendur að nota við Gilsárvirkjun. Mynd tekin sumarið 2023, fjórum árum eftir að vegurinn var lagður og tæpum þrem árum eftir að framkvæmdum lauk.

„Mikilvægt er að framkvæmdaðili setji fram tölur um losun CO2 vegna framkvæmdar.“

Notast verður við hefðbundna vörubíla og vinnutæki og er losun kolefnis sambærileg við ótal hefðbundnar framkvæmdir við vegi eða húsbyggingar sem eru í gangi á hverjum degi um allt land og hefur ekki tíðkast að setja kröfur um sérstakan kolefnisútreikning fyrir slíkt. Það væri að mati framkvæmdaraðila óréttlát krafa umfram aðrar framkvæmdir í landinu.

Jarðstrengurinn er aðskilið verk á vegum Rarik. Þó má benda á að strengurinn verður plægður meðfram vegi svo til alla leið. Hér að neðan má sjá mynd af því þegar verið var að plægja jarðstreng Hólsvirkjunar meðfram Fnjóskadalsvegi. Á undan fara jarðýtur sem plægja strenginn niður í jörðina, og á eftir kemur grafa sem sér um frágang. Orkusalan getur ekki tekið undir þá fullyrðingu að þetta sé „mikið jarðrask“.

„Þá liggur fyrir að mikið jarðrask mun fylgja línulögn frá svæðinu í allt að 14 km leið auk pípulagnar yfir 6 km“




Pípan verður niðurgrafin og að framkvæmdum loknum mun gróa yfir pípuna.

„Í matsáætlun þessa skortir nánari upplýsingar vegna fyrirhugaðrar staðsetninga námusvæða.“

Staðsetning námusvæða má sjá á mynd 2.1 og í betri gæðum á stærra yfirlitskorti í viðauka.

„Ekki er tilgreint hvert þurfi að sækja efni af misjafnri kornastærð sem setja þarf með pípum en þar verður um

Efnið verður sótt í námur innan framkvæmdasvæðis sem sjá má á korti í viðauka matsáætlunar.

UMSÖGN LANDVERNDAR	SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA
umtalsvert efnismagn að ræða“	
<p>„Í matsáætlun vantar mun betri afstöðumyndir af stíflumannvirki svo hægt sé að gera sér grein fyrir áhrifum á landslag og umhverfi.“</p>	<p>Framkvæmdaraðili telur að myndir 2.1, 2.6 og 3.1 gefi góða hugmynd um það landslag og umhverfi sem er á framkvæmdasvæðinu og við stíflumannvirki. Ferlið er enn sem komið er bara á matsáætlunarstigi, í umhverfismatsskýrslu verða fleiri afstöðu- og líkanmyndir af stíflumannvirkjum og þar verður umfjöllun um áhrif á landslag og ásýnd sbr. kafla 4.4.6 í matsáætlun.</p>
<p>„Í þessum efnum er sérstaklega bagalegt vanta skuli tilgátumynd af stíflumannvirki að framan með ásýnd inn í dalinn í augnhæð eða lágflugi frá árbakka þaðan sem meginupplifun þeirra er sem fara um svæðið verður. Sannarlega mun 13 m hæð á stíflumannvirki hafa umtalsverð ásynðaráhrif og þá ekki síst 100 m langur stíflugarður sem mun án vafa marka ásýnd dalsins.“</p>	<p>Slík mynd verður í umhverfismatsskýrslu og umfjöllun um áhrif á ásýnd sbr. kafla 4.4.6 í matsáætlun. Orkusalan bendir þó á að stíflan er 13 m há eingöngu í miðjunni en lækkar svo út til hliðanna. Gönguleiðin er auk þess hátt í hlíðinni fyrir ofan stífluna, sjónarhorn vegfaranda er því niður á stífluna þegar þeir eru næst henni, ekki framan á og mun hún ekki bera við himinn. Eftirfarandi er raunveruleg mynd af Hólsvirkjun sem sýnir hvernig jarðvegs“vægingin“ sitt hvoru megin við steipt yfirfallið falla inn í landið þegar horft er inn dalinn í augnhæð. Til samanburðar er þessi stífla um 150 m á breidd og 10 m há þar sem hún er hæst.</p> 

UMSÖGN LANDVERNDAR	SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA
<p>„Hér ættu framkvæmdaðilar og skýrsluhöfundar að sjá að sér því þessi staðhæfing um orkuskort er ekki bara villandi heldur beinlínis með öllu tilhæfufalaus. Landvernd vill áréttta að það hefur ekki verið brennt jarðefnaeldsneyti á Austurlandi vegna orkuskorts á liðnum árum, heldur vegna þess að viðkomandi fyrirtæki völdu að kaupa ótrygga orku í stað forgangsorku og brenna olíu í staðinn þar sem hún er ódýrari kostur.“</p>	<p>Landvernd gefur í skyn að bræðslur og aðrir aðilar gætu fengið alla þá orku sem þeir þurfa ef þeir einfaldlega keyptu forgangsorku, en það er ekki rétt, þessi orka er ekki til, sama hvað hún er kölluð.</p> <p>Þrátt fyrir fimm mánuði af raforkuskerðingum (des, jan, feb, mars, apríl) þá er þegar þetta er skrifað staða miðlunarlóna Landsvirkjunar með allra versta móti og í apríl tilkynnti Landsvirkjun að raforkuskerðingar á Norðausturlandi verða framlengdar a.m.k. fram í miðjan júní.</p> <p>Það eru ekki bara bræðslur og gagnaver sem hafa upplifað skerðingar heldur allir stórnotendur sem öllu jafna búa við stöðuga og jafna afhendingu á raforku. Sveitarfélög á Austurlandi sem treysta á fjarvarmaveitu hafa einnig þurft að brenna olíu og timburkurl í vetur og munu gera áfram fram á vor.</p> <p>Staðan er svo slæm að Landsvirkjun hefur heimilað stórnotendum að selja raforku aftur inn á kerfið til að auka framboð á raforku fyrir aðra aðila og almenna markaðinn.</p> <p>Það er skortur og vöntun á raforku.</p> <p>https://www.landsvirkjun.is/frettir/skerdingar-nyrdra-og-eystra https://www.landsvirkjun.is/frettir/stornotendum-heimilt-ad-selja-inn-a-kerfid https://www.landsvirkjun.is/frettir/skerdingar-af-ram-i-slaemu-vatnsari https://www.mbl.is/frettir/innlent/2024/04/12/hundraða_milljóna_tap_vegna_orkuskerdinga/</p>
<p>„Í Matsáætlun er ekki minnst á að viðkomandi verksmiðjur á Austurlandi hafi ætlað sér aðeins að kaupa ótrygga orku / skerðanlega orku. Það að Gilsárvirkjun muni skipta einhverju máli í því að tryggja verksmiðjum á Austurlandi orku er ekki trúverðug skýring því eftir sem áður munu bræðslurnar reyna á að kaupa skerðanlega orku og tæplega ætlar Orkusalan að reisa þessa virkjun til að selja orku á hrakvirði.“</p>	<p>Það er ekki hlutverk matsáætlunar Gilsárvirkjunar að fara í djúpa greiningu á raforkukerfinu eða raforkumarkaðnum í heild sinni. Það er vöntun á raforku og olía brennd á Austurlandi svo þúsundum tonna skiptir. Orkusalan er einfaldlega að bregðast við þessari vöntun og eftirspurn.</p> <p>Þó að rafmagnnið í Gilsárvirkjun fari ekki beint til bræðslna, eða annara sem að kaupa skerðanlega orku, þá eykur virkjunin framboðið á raforku á Austurlandi og léttir þar með á þrýstingnum á öðrum raforkuframléiðendum sem bjóða upp á slíka raforku. Gilsárvirkjun ein og sér mun ekki leysa vandann, en þau 6,7 MW sem virkjun mun geta framleitt munu vissulega skipta máli.</p>
<p>„Landvernd gerir því þær kröfur að allar staðhæfingar skýrsluhöfunda undir þessum kafla verði fjarlægðar með eftirfylgni Skipulagsstofnunar.“</p>	<p>Orkusalan stendur við það sem fram kemur í matsáætlun og gerir ráð fyrir því að hlutlaus aðili eins og Skipulagsstofnun horfi á staðreyndir málsins. Raforkunotendur, dreifiaðilar raforku, raforkuframléiðendur, greiningaraðilar og orkumálaráðherra eru allir sammála um að vöntun sé á raforku á Íslandi, bæði svæðisbundið og á landsvísu.</p>
<p>Landvernd fjallar um feril skipulags hjá sveitarfélaginu og tímasetningar.</p>	<p>Skipulagsferlið er sjálfstætt ferli á vegum sveitarfélagsins og mun Orkusalan ekki svara fyrir það hér. Í skipulagsferlinu eru tvö kynningartímabil í það minnsta þar sem Landvernd getur komið athugasemdum sínum á framfæri.</p>

UMSÖGN ORKUSTOFNUNAR	SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA
<p>Orkustofnun vísar í fyrri umsögn úr matsskyldufyrirspurnarferlinu og þær athugasemdir sem þar komu fram.</p>	<ul style="list-style-type: none"> - Vill umfjöllun um rennslisbætti -> Verður greint frá í umhverfismatsskýrslu - Vill upplýsingar um inntakslónið -> Verður greint frá eftir bestu getu, en endanlegar upplýsingar koma fram í virkjunarleyfisuumsókn (eins og OS segir í umsögn sinni). Lágmarksstaða t.d. er háð niðurstöðu umhverfismats og hve mikið vatn má taka. - Vill upplýsingar um tilhögun losunar á framburði úr lóninu -> Verður greint frá í umhverfismatsskýrslu - Vill upplýsingar um hvort metin hafi verið áhætta fyrir stöðvarhús í tilviki aftakafliðs -> Verður greint frá í umhverfismatsskýrslu

UMSÖGN FISKISTOFU	SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA
„Fiskistofa bendir á að metið verði hvaða áhrif rennslisbreytingar muni hafa á fiskstofna á framkvæmdatíma og einnig á rekstartíma virkjunarinnar“	Sbr. kafla 4.4.5.1 í matsáætlun verður metið hvaða áhrif rennslisbreytingar muni hafa á fiskstofna Gilsár.
„Fiskistofa bendir á að rannsakað verði hvort fiska sé að finna á svæði ofan við Nykurfoss“	Sbr. kafla 4.4.5.2 í matsáætlun mun Náttúrufræðistofa Austurlands framkvæma seiðarannsókn á ófiskgenga hluta Gilsár ofan Nykurfoss.
„Fiskistofa tekur undir sjónarmið í umsögn Hafrannsóknastofunar, dags. 11. mars 2024, um að forðast beri, eins og kostur er, að taka efni úr eða nærri árfarvegum.“	Sbr. mynd 2.1 í matsáætlun, sem sjá má stærri í viðauka, er einungis ein náma í eða við farveg Gilsár og er hún í lónstæðinu sem fer undir vatn að framkvæmdum loknum.
UMSÖGN LANDS OG SKÓGAR	SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA
„Því verður að fjalla sérstaklega um votlendið í umhverfismatinu og meta það m.t.t. fyrirhugaðs rasks. Jafnframt gera grein fyrir því hvernig rask í votlendi verði lágmarkað, sem og mótvægisaðgerðum.“	Sbr. kafla 4.4.2.1 í matsáætlun verður sérstaklega horft til áhrifa á votlendi og bakkagróður. Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um mögulegar mótvægisaðgerðir.